

Er flókið að eiga hund?

Ákall um heildarlöggjöf um hundahald

Febrúar 2022

© Þorsteinn Kristinsson
thorstk@gmail.com

Hver er ég



- ▶ Tölvunarfræðingur
- ▶ Hundaeigandi frá 1997
- ▶ Félagsstörf í HRFÍ frá 2000
- ▶ Í stjórn Terrierdeildar frá 2003-2013
- ▶ Í stjórn HRFÍ 2005-2006, var þar í hópi sem var í viðræðum við sveitarfélög
- ▶ Í stjórn FÁH frá 2019
- ▶ Umsjón með síðunum silkyterrier.is og hundahald.is
- ▶ Hef búið í 7 sveitarfélögum með hunda

Umfjöllunarefni

- ▶ Ástæða þessa fyrirlesturs
- ▶ Hlutverk og gjaldskrá
- ▶ Lög og reglugerðir
- ▶ Hagsmunafélög
- ▶ Hvað er dýrafulltrúi?
- ▶ Fræðsla og þjálfun
- ▶ Hundasamþykktir
- ▶ Ormahreinsun
- ▶ Óprifnaður
- ▶ Hávaði
- ▶ Fjölbýli
- ▶ Þinglýsing hundaleyfis í fjölbýli
- ▶ Ofnæmi
- ▶ Kærunefnd húsamála
- ▶ Friðlýsingar
- ▶ Heilbrigði hunda
- ▶ Örmerki
- ▶ Ræktun og sýningar
- ▶ Innflutningur
- ▶ Tryggingar
- ▶ Veikir hundar og slasaðir
- ▶ Neyðarvakt dýralækna
- ▶ Velferð hunda og dýranið/vanræksla
- ▶ Týndir hundar og lausir (fundnir)
- ▶ Dýrfinna og hundasveitin
- ▶ Pössun fyrir gæludýr og heimilisleit
- ▶ Almenningssamgöngur
- ▶ Hundsbít
- ▶ Dauðir hundar/dýr
- ▶ Ákall um heildarlöggjöf um hundahald

Hlutverk og gjaldskrá

	Heilbrigðiseftirlit	Sveitarfélög	Ráðuneyti	Matvælastofnun	Félagasamtök og almenningur	
	Lög og reglugerðir um hollustuhætti	Lög og reglugerðir um dýravernd	Almenn íbúapjónusta	Lög um fjöleignarhús	Lög og reglugerðir um dýravernd	Samfélagsleg ábyrgð
Hlutverk	Heilnæmt og ómengað umhverfi, Sullarveiki, Ábyrgðartrygging	Hjálparskylda, Dýraaðstaða ⁽²⁾	Hundasvæði, Hundagerði, Leiktæki, Fræðsla	Samþykki 2/3 eigenda í stigagangi	Dýraníð, Vanræksla, Örmerkjagrunnur	Týnd dýr, Fundin dýr, Dýraleit, Heimilisleit
Gjaldskrá	Raungjöld ⁽¹⁾	²⁾ Áfallinn kostnaður				

¹⁾ Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum sem falla undir hollustuverndarlögin.

Lög og reglugerðir

- ▶ Alþingi
- ▶ Matvælaráðuneyti
 - ▶ Dýravelferð L.55/2013, R.80/2016
 - ▶ Reglugerð um bann við aðgerðum á hundum og köttum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna. R.526/2001
 - ▶ Innflutningur gæludýra L.54/1990, R.200/2000
- ▶ Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
 - ▶ Hollustuhættir og mengunarvarnir L.7/1998, R.941/2002
 - ▶ Hundasamþykktir
 - ▶ Friðlýsingar L.60/2013
- ▶ Innviðaráðuneyti
 - ▶ Hundahald í fjölbýli L.26/1994



Hagsmunagæsla gæludýraeigenda

- ▶ Félag ábyrgra hundaeigenda
- ▶ Hundaræktarfélag Íslands
- ▶ Félag hundaeigenda á Akureyri
- ▶ Taumur, hagsmunafélag hundaeigenda í Árborg og nágrenni
- ▶ Dýraverndarsamband Íslands
- ▶ Dýrahjálp
- ▶ Villikettir
- ▶ Dýralæknafélag Íslands
- ▶ Kattavinafélag Íslands (Kattholt)

Hvað er dýrafulltrúi?

- ▶ Sjálfboðaliði sem hefur áhuga á velferð gæludýra.
- ▶ Gefur kost á að dýraeigendur hafi samband við sig að fyrra bragði.
- ▶ Er með örmerkjalesara ef einstaklingar finna dýr sem gætu verið týnd.
 - ▶ Í dag er Dýrfinna með lista yfir 34 einstaklinga um land allt með örmerkjalesara.
- ▶ Getur svarað spurningum gæludýraeigenda og bent þeim á hvert þeir geti leitað varðandi hin ýmsu málefni sem tengjast dýrum. Þarf ekki að vita svör við öllu en ætti að geta leiðbeint fólki í rétta átt.

Fræðsla og þjálfun

- ▶ Hundapjálfarar og hundaskólar
 - ▶ Hvolpanámskeið og hlýðninámskeið.
 - ▶ Hundafimi.
 - ▶ Veiðipjálfun.
 - ▶ Starfandi hundar.
(M.a. leiðsöguhundar, björgunarsveitarhundar, smalahundar og fíkniefnahundar.)
- ▶ Hundapjálfarar og atferlisfræðingar
 - ▶ Hegðunarvandamál, oft hægt að fyrirbyggja með góðri fræðslu.
- ▶ Dýralæknar
 - ▶ Algengir sjúkdómar (Parvó).
 - ▶ Arfgengir sjúkdómar (PRA, hjartamurr).
 - ▶ Skyndihjálp.



Hundasamþykktir

- ▶ 68 Sveitarfélög
 - ▶ Setja reglur fyrir hundaeigendur, geta verið mjög misjafnar milli sveitarfélaga.
 - ▶ 55 sveitarfélög hafa sett sér 47 mismunandi hundasamþykktir.
 - ▶ Samt hvergi nein sveitarfélagasérstaða tengd hollustuháttum
- ▶ 9 Heilbrigðiseftirlit
 - ▶ Framfylgir þeim reglum sem eru settar fram í hundasamþykktum.
- ▶ Umhverfisstofnun
 - ▶ Á að vera ráðgefandi þegar ný atriði rata inn í samþykktir.
- ▶ Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR)
 - ▶ Sér um samskipti við dýraeigendur í Reykjavík í umboði sveitarfélagsins og heilbrigðiseftirlitsins

Ormahreinsun

- ▶ Ástæða ormahreinsunar er sullaveiki sem getur dregið fólk til dauða
 - ▶ Árið 1960 varð síðasta dauðsfallið á Íslandi vegna sullaveiki
- ▶ Sullur smitast frá búfé í hunda og þaðan aftur í búfé og í fólk
 - ▶ Síðasta sullaveika kindin fannst 1979 í Stöðvarfirði
- ▶ Sveitarfélög
 - ▶ Oft ákvæði um árlegar ormahreinsanir í hundasamþykktum.
- ▶ Heilbrigðiseftirlit
 - ▶ Hefur oftast nær eftirlit með að hundaeigendur ormahreinsi hunda, þó ekki alltaf*
- ▶ Dýralæknar
 - ▶ Framkvæma ormahreinsanir með lyfjagjöf þegar þörf krefur.

*Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður hunds geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa til eftirlitsaðila ef óskað er.

Óprifnaður

- ▶ Áhaldahús sveitarfélaga
 - ▶ Tilkynningar um óprifnað á almannafæri.
- ▶ Lausaganga hunda í þéttbýli eykur óprifnað. Hundar hlaupa úr augsýn eigenda til að gera þarfir sínar. Nær ómögulegt fyrir þá eigendur að þrífa upp.
- ▶ Ábyrgir hundaeigendur skammaðir fyrir skussana.
- ▶ Einn hundur sem fær alltaf að vera laus skilur eftir sig a.m.k. 365 skítahrúgur á ári.

Hávaði

▶ Heilbrigðiseftirlit

- ▶ Tekur við kvörtunum um hávaða af hundum og kannar málið sé ekki um dýraníð að ræða.

▶ Lögregla

- ▶ Samkvæmt lögreglusamþykkt í Reykjavík er „*Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.*”

Fjölbyli

- ▶ Reglur um að samþykki 2/3 íbúa í fjölbyli þurfi til að leyfi fáist fyrir því að halda þar hund.
- ▶ Fylla þarf út eyðublað þar sem eigendur íbúða í fjölbyli undirrita samþykki fyrir hundahaldi
 - ▶ Á eyðublaðinu þarf að koma fram heimilisfang, nafn hundaeiganda og dagsetning.
 - ▶ Íbúðanúmer þarf að vera við hverja undirskrift.
- ▶ Eigendur íbúða þurfa að undirrita eyðublaðið þó íbúðir séu í útleigu og eigandi búi ekki í viðkomandi fjölbyli
- ▶ Sum sveitarfélög eru farin að krefja hundaeigendur um að eignarprósenta íbúða standi á eyðublaðinu.

Þinglýsing hundaleyfis í fjölbýli

- ▶ Í fjölbýli þurfa 2/3 íbúa í sama stigagangi (sami inngangur) að samþykkja hundahald.
- ▶ Þegar búið er að fá samþykki fyrir hundahaldi í fjölbýli er hægt að þinglýsa því.
 - ▶ Í 33. gr. e. um lög um fjöleignarhús 26/1994 segir um samþykki fyrir hundahaldi:
“Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.”
- ▶ Sýslumenn
 - ▶ Taka við eyðublaðinu til þinglýsingar.
 - ▶ Eyðublaðið þarf að vera dagsett, undirritað og vottað.
 - ▶ * Allir eigendur íbúða í stigaganginum þurfa að undirrita eyðublaðið til að það sé hægt að fá því þinglýst óháð því hvort þeir séu samþykkir hundahaldinu.

Ofnæmi

- ▶ Þrátt fyrir að 2/3 eigenda í stigagangi geti samþykkt hundahald í fjölbýli þarf að taka sérstakt tillit til ofnæmissjúklinga.
 - ▶ Í 33. gr. e. um lög um fjöleignarhús 26/1994 segir um ofnæmi.
“Liggi fyrir samþykki um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi í samræmi við grein þessa en eigandi eða einhver í hans fjölskyldu er með ofnæmi fyrir hundum eða köttum á svo háu stigi að sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund sé óbærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti ofnæmislækna og sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta. ”

Kærunefnd húsamála

- Komi upp ágreiningur um hundahald í fjölbýli er hægt að vísa málinu til kærunefndar húsamála sem tekur málið til úrskurðar.



Friðlýsingar

► Umhverfisstofnun

- Í friðlýsingar eru komin ákvæði um ýmist algjört bann við hundum eða að taumskylda sé innan friðlýstra svæða
- Reglur eru misjafnar milli friðlýstra svæða og því þurfa hundaeigendur að kanna hvaða reglur eru í gildi á hverjum stað áður en haldið er inn á friðlýst svæði.
- Þar sem hundar eru bannaðir innan friðlýstra svæða er það til að trufla ekki upplifun ferðamanna á svæðinu.
- Engin lagaheimild er í lögum um friðlýsingar til að takmarka eða banna hunda innan friðlýstra svæða

Heilbrigði hunda

- ▶ Dýralæknar sjá um allt sem viðkemur heilbrigði hunda og oft á tíðum er um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða.
 - ▶ Bólusetningar.
 - ▶ Heilsufarsskoðanir.
 - ▶ Tannhreinsun.
 - ▶ Eftirlit með meðgöngu hjá tíkum.
- ▶ Hundasnyrtar og hundasnyrtistofur
 - ▶ Feldhirða sem er mjög misjöfn og mismikil eftir feldgerð hundategundar
 - ▶ Klóaklipping

Örmerki

- ▶ Örmerki er lítið hylki sem er sett undir húðina á dýrum. Örmerkið inniheldur örflögu sem geymir 15 stafa númer sem er sent með útvarpsbylgjum yfir í örmerkjaskanna þegar honum er rennt yfir örmerkið.
- ▶ Dýralæknar
 - ▶ Örmerkja gæludýr.
- ▶ Dýraauðkenni
 - ▶ Starfrækir gagnagrunn sem inniheldur örmerki fyrir öll gæludýr á Íslandi.
 - ▶ Hægt að fletta upp eiganda eftir örmerkjanúmeri.
- ▶ Dýrafulltrúar
 - ▶ Eru með örmerkjaskanna og aðstoða við að hafa uppi á eigendum fundinna dýra.

Ræktun og sýningar

- ▶ Ræktun hunda fylgir þeim reglum sem settar eru í lögum og reglugerð um dýravelferð.
- ▶ Ræktun á hreinræktuðum hundum fylgir þeim reglum sem eru settar af Hundaræktarfélagi Íslands og FCI sem er alþjóðleg samtök hundaræktunarfélaga.
- ▶ Hreinræktaðir hundar eru skráðir í ættbók sem staðfestir uppruna þeirra. Fyrir sumar hundategundir þarf að uppfylla heilsufarskröfur fyrir þörun til að ættbók sé gefin út (m.a. mjaðmalos, hjartamurr, arfgengir augnsjúkdómar).
- ▶ Hundasýningar eru vettvangur til að meta hunda samkvæmt ræktunarmarkmiði hvernar tegundar. Hundadómarar eru sérfræðingar í líkamsbyggingu og útliti hunda. Oftast sérhæfa dómarar sig í ákveðinni tegund eða tegundahópi.

Innflutningur

- ▶ Matvælastofnun
 - ▶ Setur reglur um innflutning og fylgir því eftir að reglunum sé fylgt til hins ítrasta.
- ▶ Erlendir dýralæknar
 - ▶ Sjá um að dýr séu bólusett og meðhöndluð skv. fyrirmælum Matvælastofnunar áður en til innflutnings kemur.
- ▶ Flugfélög
 - ▶ Sjá um að flytja hunda til landsins. Óheimilt er að flytja dýr með skipi til landsins.
- ▶ Einangrunarstöðvar
 - ▶ Hundar og kettir þurfa að vera 14 daga í sóttkví við komuna til landsins.

Tryggingar

- ▶ **Sjúkdómatrygging**
 - ▶ Hægt er að kaupa nýja tryggingu fyrir hund á aldursbilinu átta vikna til fimm ára.
 - ▶ Tryggingin fellur úr gildi þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.
- ▶ **Líftrygging**
 - ▶ Fylgir yfirleitt sjúkdómatryggingu og hefur sömu skilmála.
- ▶ **Afnotamissistrygging**
 - ▶ Hugsuð fyrir ræktendur sem eru að flytja inn hunda með tilheyrandi kostnaði.
- ▶ **Umönnunartrygging**
 - ▶ Bætir kostnað vegna vistunar og gæslu gæludýrs ef eigandi slasast eða meiðist.
- ▶ **Ábyrgðartrygging**
 - ▶ Er yfirleitt innifalin í hundaeftirlitsgjöldum sveitarfélaga.
 - ▶ Bætir tjón sem hundur veldur á eigum annarra en eiganda.
 - ▶ Ef hundur verður fyrir bíl og bíllinn skemmist þarf eigandi hundsins að bæta tjónið á bílnum.



Veikir hundar og slasaðir

- ▶ Dýralæknar eru einu aðilarnir sem hafa réttindi til að sinna veikum dýrum og geta skrifað upp á lyf fyrir þau vegna veikinda, sjúkdóma eða slysa. Alltaf skal hafa samband við dýralækni í eftirtöldum tilfellum.
 - ▶ Bráðaveikindi
 - ▶ Slys
 - ▶ Sjúkdómar
 - ▶ Veikindi
- ▶ Dýralæknar
 - ▶ Slasaða hunda á alltaf að fara með beint til næsta dýralæknis.
 - ▶ Eftir hefðbundinn opnunartíma skal hringja í neyðarvakt dýralækna.
- ▶ Lögregla
 - ▶ Ef einstaklingur finnur slasað dýr en getur ekki komið því til dýralæknis skal hafa strax samband við lögreglu sem kemur dýrinu til dýralæknis.

Neyðarvakt dýralækna

- ▶ Neyðarvakt miðast við virka daga frá kl. 17:00 til kl. 8:00 næsta dag og helgar frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudegi.
- ▶ Matvælastofnun sér um skipulag neyðarvakta.
- ▶ Dýralæknar og dýralæknastofur skipta með sér neyðarvöktum.
 - ▶ Á höfuðborgarsvæðinu skipta dýralæknastofur með sér vöktum utan hefðbundins opnunartíma og um helgar.
 - ▶ Á landsbyggðinni eru sjálfstætt starfandi dýralæknar sem skipta með sér neyðarvöktum.
 - ▶ Upplýsingar um svæðaskiptingu og neyðarnúmer eru á heimasíðu Matvælastofnunar.

Velferð hunda og dýranið/vanræksla

▶ Matvælastofnun

- ▶ Reglur um velferð gæludýra.
- ▶ Tekur við tilkynningum um dýranið.
- ▶ Rannsakar tilkynningar um dýranið.

▶ Dýranið/vanræksla

- ▶ Tilkynna skal beint til Matvælastofnunar um dýranið og vanrækslu.
- ▶ Matvælastofnun sendir kærur til lögreglu þegar dýranið er talið hafa átt sér stað.
- ▶ Einstaklingar geta ekki kært dýranið til lögreglu.

Pössun fyrir gæludýr og heimilisleit

- ▶ Hundahótel
 - ▶ Hentar vel fyrir stuttan tíma
- ▶ Jafningjapössun
 - ▶ Fólk með dýr sem skiptist á að passa fyrir hvert annað.
 - ▶ Oft sem fólk með sömu hundategund skiptist á að passa.
- ▶ Dýrahjálpi
 - ▶ Aðstoðar við að koma dýrum fyrir á nýjum heimilum sem þess þurfa.



Týndir hundar og lausir (fundnir)

- ▶ Samfélagsmiðlar
 - ▶ Hundasamfélagið.
 - ▶ Týnd/fundin dýr.
 - ▶ App fyrir týnd dýr (Dýrfinna *væntanlegt).
- ▶ Heilbrigðiseftirlit
 - ▶ Sækir lausa hunda og kemur til eigenda eða á hundahótel, eigandi þarf að greiða handsömunargjald og allan áfallinn kostnað.
- ▶ Dýrafulltrúar
 - ▶ Sjálfboðaliðar sem aðstoða við að koma lausum hundum til eigenda.
 - ▶ Eru með örmerkjalesara og nota þjónustu Dýraauðkennis til að finna eigendur.
- ▶ Dýrfinna og hundasveitin*

Dýrfinna og hundasveitin

- ▶ Ef dýr týnist er hægt að nota app frá Dýrfinnu* til að koma upplýsingum á framfæri til allra sem nota appið. Þá getur fólk í nágrenni við staðinn þar sem dýrið týndist skimað eftir því og látið vita ef það hefur upplýsingar sem geta gagnast við leitina.
- ▶ Hundasveitin er hópur sjálfbóðaliða sem skipuleggur leit að hundum og öðrum dýrum sem týnast. Hundar geta verið týndir lengi áður en þeir finnast aftur og leitarsvæði getur verið mjög stórt. Hundasveitin heldur utan um leitarsvæðið og leiðbeinir öðrum sjálfbóðaliðum hvar best er að leita hverju sinni.

*Væntanlegt 2022

Almenningssamgöngur

- ▶ Heimilt er að fara með hunda í strætó innan höfuðborgarsvæðisins utan annatíma.
- ▶ Hundareigendur eiga að fara með hundana inn um aftari dyr og hundar mega ekki vera uppi í sætunum.

Hundsbit

- ▶ Misjafnt eftir sveitarfélögum hvort hundsbit séu brot á reglum eða ekki.
- ▶ Skortir samræmi í vinnubrögðum á milli sveitarfélaga/heilbrigðiseftirlita
- ▶ Lögregla
 - ▶ Ef lögregla er kölluð til er tekin skýrsla sem er send á heilbrigðiseftirlit.
- ▶ Heilbrigðiseftirlit
 - ▶ Fer fram á mat á skapgerð hunda sem bíta hjá óháðum aðila.
 - ▶ Getur farið fram á að hundi sé lógað.
- ▶ Tryggingafélög
 - ▶ Ef hundur er ábyrgðartryggður á tryggingin að bæta allt tjón sem hundur veldur.
 - ▶ Ábyrgðartrygging er oftast innifalin í eftirlitsgjaldi.

Dauðir hundar/dýr

▶ Dýralæknar

- ▶ Ef hundur deyr af náttúrulegum orsökum er best að hafa samband við dýralækni næsta virka dag. Dýralæknir getur þá gefið út dánarvottorð sem sum sveitarfélög gera kröfu um fyrir niðurfellingu hundaleyfisgjalda.

▶ Áhaldahús/hverfismiðstöð sveitarfélaga

- ▶ Hundar og önnur dýr sem finnast dauð á víðavangi er best að tilkynna til áhaldahúss/hverfismiðstöðvar í því sveitarfélagi eða hverfi þar sem dýrið er staðsett. Starfsfólk áhaldahúss fer með dauð gæludýr til næsta dýralæknis til að hægt sé að hafa upp á eiganda.
- ▶ Ef grunur er um að dýr hafi dáið af völdum dýraniðs eða vanrækslu á að hafa samband við MAST.
- ▶ Utan opnunartíma áhaldahúsa er það á ábyrgð lögreglu að sjá um að fjarlægja dauð dýr.

Ákall um heildarlöggjöf um hundahald

- ▶ Allt of margir opinberir aðilar koma að lögum og reglugerðum um hundahald.
- ▶ Of mörg grá svæði þar sem opinberir aðilar vísa ábyrgð hver á annan.
- ▶ Sveitarfélög fá of mikið sjálfsákvörðunarvald yfir hundaeigendum og kjörnir fulltrúar geta tekið geðpóttaákvörðanir um hunda og hundaeigendur án nokkurs samráðs né kynningar.
- ▶ Sveitarfélög taka sér oft eftirlitshlutverk sem er á ábyrgð annarra.
- ▶ Of margt er óljóst varðandi réttindi hundaeigenda.
- ▶ Í dag eru reglur um hundahald fyrst og fremst settar fyrir hundaeigendur sem fara ekki eftir reglum um hundahald.
- ▶ 97-99% hundaeigenda eru ábyrgir hundaeigendur.

Takk fyrir

Þessi fyrirlestur er í stöðugri þróun en leitast er við að hafa upplýsingar sem réttastar á hverjum tíma.

Ábendingar um efni fyrirlestursins má senda á thorstk@gmail.com